

## Fundargerð 489

Föstudaginn 28. ágúst 2020 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Sauðármýri 2, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson, Gunnar Þorgeirsson, Halldóra Kristín Hauksdóttir, Heiðbrá Ólafsdóttir, Karl Björnsson (í fjarfundi), María Hjálmarsdóttir (í fjarfundi) og Sigríður Jóhannesdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Arnar Már Elíasson forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrunn Pétursdóttir umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárliði 4 og 5), Sigríður Elín Þórðardóttir forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:02 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Árshlutareikningur janúar - júní 2020 - til afgreiðslu
3. Lánamál - til afgreiðslu
4. ...
5. Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs 2020 - til kynningar
6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
8. COSME (ábyrgðir á lán) - til kynningar
9. Árangursmat á störfum stjórnar og forstjóra - eftirfylgni
10. Nýbygging Byggðastofnunar - til kynningar
11. Bygðaráðstefnan 2020 - til kynningar
12. Önnur mál
13. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Fundargerð síðasta fundar – til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 488.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. Árshlutareikningur janúar – júní 2020 – til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur árshlutareikningur Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar–júní 2020 og ýmsar sundurliðanir í rekstri tímabilsins.

AÞ hafði inngang að uppgjörinu og fjallaði m.a. um áhrif Covid faraldursins á rekstur og sjóðstreymi stofnunarinnar. MH fór síðan yfir rekstur, efnahag og sjóðstreymi og svaraði spurningum stjórnarmanna.

Tap tímabilsins nam 76,9 m.kr. Eignir námu 18.852 m.kr. í lok júní, skuldir voru 15.712 m.kr. og eigið fé 3.319 m.kr. Eiginfjárhlutfall í lok júní var 20,0%.

SJ fjallaði um fund endurskoðunarnefndar með ytri endurskoðendum.

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

Formaður bar upp árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar – júní 2020 og var hann samþykktur samhljóða. Var reikningurinn síðan undirritaður með rafrænum skilríkjum.

### 3. Lánamál - til afgreiðslu

...

...

### 4. ...

...

KB vék af fundi

### 5. Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs 2020 – til kynningar

Fyrir fundinum liggur ársfjórðungsskýrsla 2. ársfjórðungs 2020 og fór HP yfir hana.

Nær allir áhættuþættir eru innan ásettra marka en áhyggjur eru af afleiðingum Covid faraldursins. Umræður urðu um hvort hægt væri að teikna upp sviðsmyndir og svartsýnar spár.

Til máls tóku MBJ, GP, AP, MaH, KB og HÓ.

HP vék af fundi.

Fundarhlé var gert kl. 12:01 og var fundi síðan framhaldið kl. 12:33.

### 6. Fundargerðir lánanefndar – til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 24/20 til 31/20

Til máls tóku AME, AP og GP.

...

Fyrir fundinum liggur fundargerð Aflamarksnefndar nr. 17 sem AP kynnti.

### 7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun – til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða reksturs 31. júlí sl. sem AP kynnti.

Til máls tóku MBJ, SJ, GP, HKH, MH og SEP.

SJ fjallaði um kostnað sem fyrirtæki og einstaklingar verða fyrir við skoðun á bifreiðum og tækjum þar sem ekki eru skoðunarstöðvar til staðar.

### 8. COSME (ábyrgð á lán) – til kynningar

Fyrir fundinum liggur samningur milli Evrópska fjárfestingasjóðsins EIF og Byggðastofnunar sem er tilbúinn til undirritunar. Einnig fylgir með minnisblað sem lagt var fram á síðasta fundi stjórnar um málið.

Rætt var um kynningu á verkefninu og eiginfjárförf stofnunarinnar. Ákveðið var að það yrði tekið upp á næsta fundi stjórnar.

Til máls tóku AP, AME og GP

### 9. Árangursmat á störfum stjórnar og forstjóra – eftirfylgni

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra til stjórnar þar sem rífað er upp mat á árangri af störfum stjórnar og forstjóra sem kynnt var stjórn á fundi 17. desember 2019. Auk þess liggur fyrir fundinum kynningar á niðurstöðum matsins. Nokkrar af ábendingum úr matinu hafa þegar komið til framkvæmda.

AÐ og formaður telja rétt að halda þessari vinnu áfram og stefna að vinnufundi stjórnar. Skoða eigi hvort fá eigi utankomandi aðila til að stjórna slíkri vinnu.

Til máls tóku GÐ og SJ

#### **10. Nýbygging Byggðastofnunar – til kynningar**

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra til stjórnar um lok framkvæmda á Sauðármýri 2. Framkvæmdum við húsið lauk að mestu í byrjun maí en tafir urðu á afhendingu húsgagna vegna Covid faraldursins og var flutt inn í húsið 10. júlí.

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur ekki skilað lokaskýrslu vegna framkvæmdanna en skv. kostnaðaryfirliti er kostnaður við bygginguna nánast á áætlun.

Stjórnarmenn lýstu ánægju sinni með að framkvæmdakostnaður hafi einungis orðið 2% umfram kostnaðaráætlun og að framkvæmdin bæði verklega og kostnaðarlega sé til fyrirmyndar í alla staði.

#### **11. Byggðaráðstefna 2020 – til kynningar**

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra til stjórnar þar sem fjallað er um Byggðaráðstefnuna 2020 sem áætlað var að halda 13. – 14. október nk. Í ljósi stöðunnar vegna Covid faraldursins hefur undirbúningshópur ráðstefnunnar hugleitt hvort raunhæft sé að standa að samkomunni.

Þeir kostir sem eru í stöðunni eru:

- a. Staðbundin ráðstefna sem jafnframt væri streymt
- b. Fjarráðstefna (alfarið)
- c. Fresta ráðstefnunni um eitt ár

Stjórn ræddi málið og samþykkti að undirbúningshópnum verði heimilað að taka ákvörðun um hvort af ráðstefnunni verði og í hvaða formi.

#### **12. Önnur mál**

*Eftirlit með póstmálum*

AÐ upplýsti að hann hefði verið í samskiptum við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið um hvort stofnunin taki að sér verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar um eftirlit með póstmálum og framkvæmd laga um pósthjónustu. Von er á formlegu bréfi ráðuneytisins til stofnunarinnar.

Til máls tóku MBJ, GÐ, SJ og MaH.

*AirBnB*

GÐ ræddi um 25 ma.kr. tekjur sem skattrannsóknarstjóri fékk upplýsingar um frá AirBnB.

#### **13. Næsti fundur**

Næsti fundur verður 18. september nk. Staðsetning verður ákveðin þegar nær dregur.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 14:14

Magnús Helgason fundarritari

---

---

---

---

---